



Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004- 2016, breyting í landi Þjórsárholts



yfirlitsmynd af aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004 - 2016 í mkv. 1:50.000.



Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004 - 2016 í mkv. 1:50.000.

Skýringar

- | | | | | | |
|---|------------------------------------|---|--|---|---------------------|
|  | mörk svæðis sem breytingin nær til |  | opin svæði til sérstakra nota |  | sveitarfélagsmörk |
|  | þéttbýll |  | landbúnaðarsvæði |  | stofnvegir |
|  | íbúðarsvæði |  | vötn, ár og sjór |  | reiðstigar |
|  | svæði fyrir þjónustustonarnir |  | þjóðminjaverndarsvæði |  | tengivegir |
|  | verslunarsvæði |  | blönduð landnotkun, t.d. íbúðarsvæði og landbúnaðarsvæði |  | rafliður |
|  | svæði fyrir frístundabyggð | | |  | fjarskiptamannvirki |

Breyting þessi á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps fellst í því að landbúnaðarsvæði breytist í svæði undir frístundahúsbýggð. Um er að ræða rúmlega 16ha svæði sem liggur upp að og meðfram öðru frístundahúsasvæði (nr. F42 sbr. breytt aðalskipulag dags. sept. 2006) en í greinargerð aðalskipulags er einmitt hvatt til þess að ný frístundahúsasvæði tengist þeim sem fyrir eru og myndi þannig meiri samfellu en ella.

Á svæðinu er gert ráð fyrir að komi stórar frístundahúsalóðir, á bilinu 1-6ha. að stærð. Í greinargerð gildandi aðalskipulags er gert ráð fyrir að frístundalóðir skuli vera 0,5-1ha. Þó er gert ráð fyrir að heimilaðar séu stærri lóðir á afmörkuðum svæðum og nefnt dæmi 2ha. lóðir. Í þessu tilviki er um að ræða afmarkað svæði á jörðinni sem er í eigu afkomenda og því er gert ráð fyrir þessari uppskiptingu landsins. Gert er ráð fyrir aðkomu að svæðinu frá Þjórsárholtsvegi.

Á svæðinu er í aðalskipulagi merkt þjóðminja-verndarsvæði, M21. Um hana segir í greinargerð: "14. Þjórsárholt. Alviðra, gömul kotrúst í litlum hvammi norðvestanundir holtinu og garður um þveran hamarinn að framanverðu. Sbr. Árb. 1905: 32. Skjal undirritað af MP 15.04 1929. Þinglýst 30.06. 1938." Líklegast er að kotrúst þessi sé nokkuð vestar heldur en sýnt er á skipulagi og minjarnar utan þess svæðis sem breyting þessi tekur til, en það skal metið af Fornleifavernd ríkisins.

Landið sem breyting þessi nær til er að mestu þýfður eða grýttur mói, rýr að gæðum til hefðbundins búrekstrar. Áhrif breytingar þessarar eru þannig helst sjónrænar með frekari byggð á svæðinu og búast má við uppvexti trjágróðurs. Þó er hér um að ræða flatlendi og sjónræn áhrif þannig minni úr fjarlægð heldur en ef um hlíðar væri að ræða.

Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir 15-1600 frístundalóðum á mörgum svæðum og eru áhrif þessarar stækkunar/ fjölgunar því hverfandi í því samhengi, en samfélagslegar breytingar ættu að teljast jákvæðar þar sem um er að ræða þéttari byggð í námunda við þjónustukjarna við Arnes.

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 18. gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 var samþykkt í sveitastjórn þann 25. apríl 2009.

Pálar Dagi Haraldsson



Aðalskipulagsbreyting þessi var afgreidd af Skipulagsstofnun til staðfestingar umhverfisráðherra þann 15.10.2009.

Egundína Elfrún Gunnarsdóttir
Egundína Elfrún Gunnarsdóttir



Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af umhverfisráðherra skv. 19. gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 þann 5. maí 2009 f.ú.s.

Magnús Jónsson
Lea Kristjánsson



Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps

- Breyting í landi Þjórsárholts

mkv. 1:50.000 (A3)

dags. 28. apríl 2009

teiknað af: H.Ó.

samp.



landhönnun

Landhönnun slf
Hermann Ólafsson landslagsarkitekt FÍLA
Austurvegi 42 - 800 Selfoss
s. 482 3300, 896 1809 - landhonnun@landhonnun.is